

Minnisblað

16. febrúar 2022/endurskoðað 17. apríl 2023

Höskuldur Búi Jónsson



Efni: Könnun á mögulegri efnistöku fyrir veg um Uxahryggi frá Brautartungu og að Kaldadalsvegi.

Meðfylgjandi er farið yfir gamlar og mögulega nýjar námur í hæfilegri fjarlægð frá væntanlegum Uxahryggjavegi frá Brautartungu og að Kaldadalsvegi. Ekki er búið að fullrannsaka þessa efnistökuastaði og einnig geta komið í ljós við rannsóknir, spennandi efnistökusvæði meðal annars í skeringum sem yrðu þá hugsanlega útvíkkaðar. Í þessu minnisblaði er eingöngu reiknað með útvíkkuðum skeringum á einum stað, þ.e. í Stórugiljum, en það geta orðið fleiri áður en yfir lýkur, þó ekki talið líklegt að farið yrði meira en 100 m frá veglínu.

Útlínur möglulegra efnistökusvæða er sýnd á myndum, en einnig má nálgast dgn skrá miðlægt á S-drifinu: **S:\Mannvirki\5\52-Uxahryggjavegur\52-04 Uxahryggir\01 Grunn gögn\Jarðfræði**

Möguleg efnistökuáætlun gæti litið svona út (tafla 1), en á eftir að taka breytingum út af ýmsum ástæðum, þ.e. efnið getur verið of lélegt, of dýrt eða of erfitt að taka og enn óljóst með leyfi landeiganda. Þá geta komið í ljós fornleifar, gróður eða fuglalíf sem haft getur áhrif á efnistöku. Af þeim ástæðum er reiknað með meiri efnistöku en þörf er á, samtals mögulegt magn er mun meira en þörfin. Farið er yfir hvern efnistökuastað í köflum hér á eftir.

	Fyllingar og fláafleygar (m³)	Styrktarlag (m³)	Burðarlag (m³)	Klæðing (m³)	Samtals (m³)
Náma 1 - Snartarstaðir		40.000	20.000		60.000
Náma 2 - Hrafnagil	15.000				15.000
Náma 3 - Hóll	15.000				15.000
Náma 4 - Brautartunga	15.000	10.000			25.000
Náma 5 - Sethjallar	30.000				30.000
Náma 6 - Brenna	15.000				15.000
Náma 7-10 - Stórugil neðra og efra	75.000	60.000	20.000	5.000	160.000
Náma 11 - Bollafell		60.000	15.000		75.000
Náma 12 - Uxahryggir	60.000	40.000	20.000		120.000
Náma 13 - Sæluhúsahæðir			10.000	5.000	15.000
Aðrar skeringar	100.000	20.000			120.000
Samtals mögulegt magn	325.000	230.000	85.000	10.000	650.000
S A M T A L S þörf:	322.500	93.400	32.700	4.300	452.900

Fylgiskjal 2


Efnistökusvæði

Náma 1 - Snartarstaðir klöpp

Jarðmyndun	Klapparholt 
Rannsóknir til	Einungis sjónskoðun
Líklegt efni	Heilleg klöpp
Nothæft í	Styrktarlag og mögulega burðarlag
Svæði og magn	10.000 m ² og 60.000 m ³
Jörð	Snartarstaðir
Fjarlægð frá veglínu/stöð	3,0 km til vesturs, yfir brúna yfir Tunguá
Aðalskipulag	
Verndargildi	Meðal verndargildi. Afmarka þarf námuna þannig að fornleifinni Gálgaskarði, sem er aftökustaður í Klettaendum, verði ekki raskað. Merkja skal fornleifina Gálgaskarð.
Vankantar námu	Klöpp sem þarf að sprengja, áberandi á meðan á efnistöku stendur
Þarf að gera	Kanna með leyfi til að taka efni. Rannsaka efni.

Fylgiskjal 2

Náma 2 - Hrafnagil (17047)

Jarðmyndun	Aurkeila	
Rannsóknir til	Kornadreifingar frá 1987	
Líklegt efni	Reikna með að í námunni sé fínefnarík mól, mögulega með moldarlinsum á milli	
Nothæft í	Fyllingar	
Svæði og magn	>15.000 m ² og >15.000 m ³	
Jörð	Lundur og Gullberastaðir	
Fjarlægð frá veglínu/stöð	4,2 km til vesturs, yfir brúna yfir Grímsá	
Aðalskipulag	Á skipulagi (E57)	
Verndargildi	Lágt, en efnistaka yrði áberandi	
Vankantar námu	Mögulega vankantar við að ná í efnið, ekið yfir brú	
Þarf að gera	Kanna með leyfi til að taka efni. Rannsaka efni.	

Fylgiskjal 2

Náma 3 - Hóll (18858)

Jarðmyndun	Fornir árhjallar/sethjallar	
Rannsóknir til	Grafið nálægt námu í júní 2015 (námunr 20688), sandur og möl blönduð fínefnum	
Líklegt efni	Sandur og möl blönduð fínefnum	
Nothæft í	Fyllingar	
Svæði og magn	7.000 m ² og 15.000 m ³	
Jörð	Hóll	
Fjarlægð frá veglínu/stöð	1,7 km til vesturs, yfir brúna yfir Tunguá	
Aðalskipulag	Á skipulagi (E81)	
Verndargildi	Lágt	
Vankantar námu		
Þarf að gera	Kanna með leyfi til að taka efni. Rannsaka efni.	

Fylgiskjal 2

Náma 4 - Brautartunga (17048)

Jarðmyndun	Fornir árhjallar/sethjallar	
Rannsóknir til	Grafnar gryfjur í júlí 2002, ekki kornadreifing af því svæði.	
Líklegt efni	Möl blönduð finefnum	
Nothæft í	Fyllingar, mögulega styrktarlag	
Svæði og magn	17.000 m ² og 25.000 m ³	
Jörð	Brautartunga	
Fjarlægð frá veglínu/stöð	1,0 km til vesturs	
Aðalskipulag	Á skipulagi (E50)	
Verndargildi	Lágt	
Vankantar námu	Landeigandi mótfallinn efnistöku.	
þarf að gera	Kanna með leyfi til að taka efni. Rannsaka efni.	

Fylgiskjal 2

Náma 5 - Sethjallar


Gryfjur 135-139'12 og 175-178

Jarðmyndun	Sethjallar	
Rannsóknir til	Grafnar gryfjur í júlí 2002 og október 2012	
Líklegt efni	Möl, sandrík mól og leir	
Nothæft í	Fyllingar, mögulega styrktarlag á kafla	
Svæði og magn	20.000 m ² og 30.000 m ³	
Jörð	Brenna	
Fjarlægð frá veglínu/stöð	Milli stöðva 6100-6400	
Aðalskipulag		
Verndargildi	Lágt	
Vankantar námu	Ofanafýting nokkuð mikil, óreglulegt efni (þéttur leir)	
Þarf að gera	Kanna með leyfi til að taka efni.	

Fylgiskjal 2

Náma 6 - Brenna (17095)

Gryfjur 131-134'12 og 179-182

Jarðmyndun	Sethjallar	
Rannsóknir til	Grafnar gryfjur í júlí 2002 og okt 2012	
Líklegt efni	Möl og sandrík möl	
Nothæft í	Fyllingar, styrktarlag	
Svæði og magn	10.000 m ² og 15.000 m ³	
Jörð	Brenna	
Fjarlægð frá veglínu/stöð	Milli stöðva 6800-7100	
Aðalskipulag		
Verndargildi	Lágt	
Vankantar námu	Ofanafýting nokkuð mikil, líkur á fínefnum í botni	
Þarf að gera	Kanna með leyfi til að taka efni.	

Fylgiskjal 2


Náma 7-10 - Stórugil, neðra og efra

Skoðaði lauslega 2012, en þar voru mestu þælingarnar að útvíkka skeringar. Búið er að taka efni síðan þá, en ekki bættust við niðurstöður rannsókna þá. Núna ætla ég að teikna inn svæði sem verður skoðað ítarlega síðar, hef trú á að þetta geti nýst vel hvort heldur sem náma eða skering.

Jarðmyndun	Árfarvegur/setpallur (hugsanlega er þetta að hluta klöpp/kubbaberg)	
Rannsóknir til	Til kornadreifing og viðloðun (frá 2010) og þeim ber eiginlega ekki saman, þar sem um 5,9% fínefni eru og 100% viðloðun	
Líklegt efni	Möl/kubbaberg, en einnig móberg sem fer þá í fyllingar.	
Nothæft í	Fyllingar, styrktarlag, burðarlag og klæðing	
Svæði og magn	80.000 m ² og 160.000 m ³	
Jörð	Þverfell	
Fjarlægð frá veglínu/stöð	Milli stöðva 14000-14600	
Aðalskipulag	E52 og E53	
Verndargildi	Meðal	
Vankantar námu	Mögulega moldarlinsur þar sem þetta er möl, en kubbabergið ætti að vera nokkuð hreint (fyrirvari um leir í sprungum).	
Þarf að gera	Kanna með leyfi og rannsaka efni.	

Fylgiskjal 2

Náma 11 - Bollafell

Jarðmyndun	Líklega þóleiðt grágrýti. Virðist eitthvað óreglulegt, en líklega hægt að komast í gott efni. Ferskt, lítilsháttar blöðrótt	
Rannsóknir til	Ekkert sem ég veit um	
Líklegt efni	Klappir	
Nothæft í	Fyllingar, styrktarlag, kannski burðarlag	
Svæði og magn	15.000 m ² og 75.000 m ³ ??	
Jörð	Efstibær	
Fjarlægð frá veglínu/stöð	Um 7 km frá stöð 17300	
Aðalskipulag	Skorradalshreppur nei	
Verndargildi	Meðal	
Vankantar námu	Óljóst með gæði klappar og langt frá veglínu.	
Þarf að gera	Kanna með leyfi og rannsaka efni. Ath fjárrétt	

Fylgiskjal 2

Náma 12 - Uxahryggir

Jarðmyndun	Líklega þóleiðt grágryti	
Rannsóknir til		
Líklegt efni	Klappir	
Nothæft í	Styrktarlag og burðarlag	
Svæði og magn	25.000 m ² og 100-150.000 m ³	
Jörð	Þverfell	
Fjarlægð frá veglínu/stöð	Um 1,2 km frá stöð 17540	
Aðalskipulag		
Verndargildi	Meðal	
Vankantar námu	Óljóst með gæði klappar, nálægt hringsjá	
Þarf að gera	Skoða betur og afmarka svæði þar sem hugsanlegt er að taka efni, bora til að skoða lagskiptingu.	

Fylgiskjal 2

Náma 13 - Sæluhúsahæðir (22739)

Þetta er hæð, sem er tvískipt, þ.e. hraunlag ofan á öðru hraunlagi og var neðra hraunlagið unnið síðast eins og hægt var. Líklega þarf efra hraunlagið að vera gott til að þessi náma sé áfram nýtanleg, þar sem komið er að þeim mörkum að ekki er hægt að komast innar í námunni án þess að taka efra hraunlagið með – auk þess sem millilag er á milli hraunlaganna sem spillir efnisgæðum.

Jarðmyndun	Klapparholt – Neðra hraunlagið í lagskiptum hól	
Rannsóknir til	Viðloðun 96% (2015), 0 % í 3. flokk. LA 19,6 og Kúlnakvörn 13,7 Þrjár borholur í jaðri námu.	
Líklegt efni	Klappir	
Nothæft í	Klæðingu og burðarlag	
Svæði og magn	5.000 m ² og 15.000 m ³	
Jörð		
Fjarlægð frá veglínu/stöð	0,5 km til norðurs að stöð 22870	
Aðalskipulag	Á skipulagi Bláskógabyggðar (E?)	
Verndargildi	Meðal, er inn á svæði sem er á náttúruminjaskrá	
Vankantar námu	Ofan á og neðan lagsins sem notað var síðast eru millilög. Lítið magn eftir ef efri klöppin er ekki nógu góð. Á milli hraunlaganna er rautt millilag og nokkuð þykk ofanafýting á kafla	
þarf að gera	Taka sýni úr efri klöpp og bora ef nógu gott. Athuga þarf hvort leyfilegt sé að taka meira efni.	